

Dreifibréf 02/LS/2005

Lyfjastofnun vill benda á að samkvæmt 38. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 skulu sjúkrahús og aðrar stofnanir sem reknar eru samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu eða samkvæmt öðrum sérlögum og ekki starfrækja sjúkrahúsapótek, hafa lyfjafræðing í þjónustu sinni sem hefur umsjón með og ber ábyrgð á öflun lyfja og eftirlit með notkun þeirra.

Hafi stofnunin ekki lyfjafræðing í þjónustu sinni skv. 1. mgr. skal stjórn stofnunarinnar semja við utanaðkomandi lyfsöluleyfifisha um lyfjafræðilega þjónustu, svo sem umsjón með öflun lyfja og eftirlit með notkun þeirra. Samningurinn er háður samþykki Lyfjastofnunar.

Samkvæmt 34. gr. reglugerðar um innflutning og heildsöludreifingu lyfja nr. 699/1996 mega fyrirtæki sem annast innflutning og heildsöludreifingu selja lyf til stofnana sem reknar eru samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu eða öðrum sérlögum og staðfest er að hafa lyfjafræðing í þjónustu sinni.

Eftirlitsmenn Lyfjastofnunar gera ráð fyrir að heimsækja heilsugæslustöðvar, dvalarheimili og aðrar heilbrigðisstofnanir á komandi mánuðum og skoða allt sem viðkemur lyfjamálum þar.

Lyfjastofnun mun óska eftir afriti af þeim samningum sem gerðir hafa verið sbr. ofangreint lagaákvæði.

Þetta tilkynnist hér með.

Lyfjastofnun